

Á Suðurlandi: Á svæðinu frá Sólheimasandi að Hvalfirði.

Á Vesturlandi: Frá Hvítá að Langá.

Á Norðurlandi: Frá Héraðsvötnum að Skjálfafljóti.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. desember 1964.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt nr. 220 12. nóvember 1952, um lokun sölubúða í Vestmannaeyjum.

1. gr.

Á eftir 4. gr. komi ný grein, sem verður 5. grein, svo hljóðandi og breytist greinatalan samkvæmt því:

Bæjarráð getur leyft, að vikið sé frá ákvæðum um lokunartíma sölubúða, þegar um er að ræða verzanir, er selja varning beint út á götu, t. d. gegnum söluop, eða hafa sérstakt leyfi bæjarráðs og heilbrigðisnefndar, til að verzla með takmarkaðan fjölda vöruhegunda.

Í verzlunarstöðum þessum má selja varning þann, er heilbrigðisnefnd samþykkir hverju sinni og er umbúnaður þeirra og fyrirkomulag allt, háð samþykki lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar. Sala má þar fara fram á virkum dögum kl. 0900—2330 og á helgidögum frá 0900—1100 og kl. 1500—2330. Þó skal lokað föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag, aðfangadag jóla og jóladag skv. því, sem segir í 4. gr.

Bæjarráð getur sett nánari reglur um leyfi til verzlunarreksturs skv. þessari grein og getur bundið hana öllum þeim skilyrðum, er það telur nauðsynlegt, m. a. greiðslu árlegs gjalds í bæjarsjóð fyrir hvert leyfi og má innheimta það með lögtaki.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Vestmannaeyja, samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 18. desember 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.